

GJALDSKRÁ

fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi í Fljótsdalshreppi.

A. Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.

1. *Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.*

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 50.000. Gjald þetta skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprílmánaðar 2001.

Fjárhæð gjalda skal ekki nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði þeim er sveitarfélagið verður fyrir vegna útgáfu, undirbúnings leyfisins, yfirferð hönnunargagna og eftirlits.

Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur undanfari útgáfu framkvæmdaleyfis telst kostnaður sem sveitarfélag hefur vegna þess hluti af kostnaði við undirbúnung leyfisins.

2. *Gjalddagi.*

Framkvæmdaleyfisgjald skal greiða við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við framkvæmdaleyfishafa um fyrirkomulag greiðslna.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og framkvæmdaleyfishafa við útgáfu framkvæmdaleyfis.

3. *Innheimta gjalda.*

Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögueð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þó framkvæmdaleyfi falli úr gildi.

4. *Gjaldtökuhemild.*

Um gjaldtöku samkvæmt A-lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Gjaldtaka vegna leyfa samkvæmt 3. tl. og 4. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 73/1997 fer eftir sömu ákvæðum.

B. Byggingaleyfi samkvæmt 43. gr. laga nr. 73/1997.

1. *Fjárhæð og grundvöllur gjalda.*

Fyrir útgáfu byggingaleyfis skal greiða grunngjald kr. 5.000. Að auki greiðast kr. 50 pr. rúmmetra byggingar sem leyfi varðar.

Heimilt er að krefja fyrir hverja yfirferð nýrra eða breyttra hönnunargagna eftir útgáfu byggingaleyfis gjalda á bilinu kr. 4.000 til kr. 18.000 eftir umfangi verks.

Fyrir hverja úttekt skal greiða kr. 4.000. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákvarða herra gjald fyrir úttekt ef hún telst óvenju umfangsmikil.

Fyrir vottorð skal greiða kr. 6.000.

Fjárhædir samkvæmt þessari grein eru bundnar við vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprílmánaðar 2001.

2. *Gjalddagar.*

Byggingaleyfisgjald skal greitt við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við byggingaleyfishafa um annan gjalddaga.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og byggingarleyfishafa við útgáfu byggingarleyfis.

Fyrir yfirferð hönnunargagna skal greiða við móttöku yfirfarinna gagna.

Úttektargjald er gjaldkræft þegar úttekt er lokið.

Fyrir vottorð skal greiða við útgáfu þess.

3. *Innheimta gjalda.*

Gjöldum samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Gjöld þessi eru ekki endurkræf þó byggingarleyfi falli úr gildi.

4. *Gjaldtökuhemild.*

Um gjöld samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og byggingarreglugerð nr. 401/1998.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt í sveitarstjórn Fljótsdalshrepps 22. júlí 2001.

Víðivöllum fremri, 26. júlí 2001.

F.h. sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps,

Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti Fljótsdalshrepps.